

Þekking og færni – Virðing og vellíðan

Innra mat Dalvíkurskóla 2017 - 2018



Gísli Bjarnason skólastjóri

Dalvíkurskóli 2017- 2018



Efnisyfirlit

Inngangur	4
Nemendur	4
Starfsfólk	4
Helstu áherslur í skólanámskrá	4
Helstu verkefni skólaárið 2017 – 2018	5
Samantekt og ábendingar	6
Umbótaáætlun	7
Um innra mat	7
Markmið og tilgangur mats	7
Aðferðir og framkvæmd matsins	8
Niðurstöður mats og umbætur	9
Foreldrakönnun	9
Samantekt og ábendingar	11
Umbótaáætlun	11
Starfsmannakönnun	12
Samantekt og ábendingar	14
Umbótaáætlun	14
Skólapúlsinn	16
Virgni nemenda í skólanum	16
Líðan og heilsa	18



Skóla- og bekkjarandi	19
Samantekt og ábendingar	19
Umbótaáætlun.....	20
Samráðsdagar foreldra	21
Samantekt og ábendingar	21
Umbótaáætlun.....	22
Samræmd próf	22
Samantekt og ábendingar	22
Dreifing raðeinkunna	23
Meðaltöl 2001 – 2017	24
Umbótaáætlun.....	25
Kennsluáætlanir.....	25
Samantekt og ábendingar	25
Umbótaáætlun.....	26
Kennsluhættir	26
Samantekt og ábendingar	27
Umbótaáætlun.....	27
Sér og stuðningskennsla	27
Samantekt og ábendingar	28
Umbótaáætlun.....	28
Skólaping	28
Samantekt og ábendingar	29
Umbótaáætlun.....	30



Matsdagur starfsfólks	30
Samantekt og ábendingar	30
Umbótaáætlun	31
Stöðluð lestarpróf sem tekin eru í 1. – 10. bekk	32
Samantekt og ábendingar	33
Umbótaáætlun	33
Raddir nemenda	33
Samantekt og ábendingar	34
Umbótaáætlun	34
Starfsþróun kennara	34
Samantekt og ábendingar	34
Umbótaáætlun	35
Teymisfundir	35
Samantekt og ábendingar	35
Umbótaáætlun	36
Eftirfylgni með umbótaáætlun 2016 – 2017	37
Lokaorð	38



Inngangur

Um upplýsingaskyldu um skólalald segir í Aðalnámskrá grunnskóla: „Hver grunnskóli skal með skipulegum hætti leggja mat á gæði skólastarfs. Innra mat skal byggja á fjölbreyttum greiningargögnum sem taka mið af viðfangsefnum hverju sinni og skal starfsfólk, foreldrar, nemendur og skólaráð taka þátt í því eftir því sem við á. Innra mat skólans á að birta á vef skólans þar sem hægt er að finna upplýsingar um matið. Innra mat skólans skal vera umbótamiðað og ná til helstu þátta skólastarfsins. Grunnskólar skulu birta á heimasíðu skólans upplýsingar um framkvæmd innra mats, helstu niðurstöður og leiðir til úrbóta“.

Nemendur

Dalvíkurskóli er heildstæður grunnskóli með nemendur í 1.-10. bekk. Nemendur og annað starfsfólk vinna eftir grunnskólalögum, aðalnámskrá grunnskóla og skólastefnu Dalvíkurbyggðar. Skólinn vinnur einnig í anda skólasýnar Dalvíkurskóla þar sem einkunnarorð skólans eru: **Þekking og færni – virðing og vellíðan**. Einnig vinnur skólinn að gildum Fræðslusviðs Dalvíkurbyggðar sem eru: **Virðing, jákvæðni og metnaður**.

Starfsfólk

Starfsmenn Dalvíkurskóla eru 52 talsins í mismiklu starfshlutfalli. Skólastjóri er Gísli Bjarnason og deildarstjórar eru Friðrik Arnarsson deildastjóri eldra stigs sem er jafnframt staðgengill skólastjóra og Katrín Fjóra Guðmundsdóttir deildastjóri yngra stigs. Mynda þau þrjú stjórnunarteymi skólans. Einn verkefnastjóri er í sér- og stuðningskennslu við skólann og er það Gunnhildur Birnisdóttir. Kennarar við skólann eru 29 og starfsfólk í blönduðum störfum eru 23 í mismiklu starfshlutfalli.

Helstu áherslur í skólanámskrá

Dalvíkurskóli starfar samkvæmt Grunnskólalögum nr. 91/2008 og Aðalnámskrá grunnskóla frá 2011. Einnig vinnur Dalvíkurskóli eftir Skólastefnu Dalvíkurbyggðar sem var samþykkt í sveitarstjórn árið 2014. Skólastefnan tekur mið af grunnþáttum menntunar og framtíðarsýn í menntun barna og unglinga. Allir hagsmunaaðilar komu að gerð stefnunnar sem var unnin í samvinnu við Fræðslusvið Dalvíkurbyggðar. Grunnþættir menntunar er **læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun**.

Dalvíkurskóli leitast við að beita fjölbreyttum kennsluaðferðum í því skyni að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda. Haustið 2014 var ákveðið að taka upp teymisvinnu í Dalvíkurskóla með það að markmiði að auka samvinnu og samábyrgð kennara og starfsfólks. Teymisvinna felst m.a. í að kennarar velja í samvinnu þær leiðir í kennslu sem bestar þykja til að bæta námsárangur nemenda. Þróun teymiskennslu felst í því að koma á lærdómssamfélagi sem byggir á sameiginlegri ígrundun starfsfólks í daglegu starfi, þannig er fagvitund og starfsþróun eflid.



Dalvíkurskóli er Grænfánaskóli, eða Skóli á grænni grein, sem þýðir að skólinn er þátttakandi í alþjóðlegu verkefni. Markmiðið er að auka umhverfisvitund nemenda í Dalvíkurskóla. Stefnt er að því að flagga Grænfánanum í fimmta sinn vorið 2020.

Dalvíkurskóli hefur unnið eftir Uppbyggingarstefnunni frá árinu 2011 en sú stefna er viðhöfð í öllum skólum Dalvíkurbyggðar. Stefnan hefur það að markmiði að kenna börnum og unglingum sjálfstjórn og sjálfsaga. Í stað þess að stjórna nemendum með refsingum og skapa sektarkennd fá nemendur tækifæri og þjálfun í að líta inn á við, skoða eigið gildismat og láta það stýra framkomu sinni og allri hegðun. Áhersla er á virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfinu. Allir árgangar gera bekkjarsáttmála um hegðun sem nemendur samþykkja að fara eftir. Starfsfólk Dalvíkurskóla gerði sér einnig starfsmannasáttmála sem hafður er að leiðarljósi í öllu starfi skólans.

Dalvíkurskóli leitast við að vera með fjölbreytt námsmat sem á að veita nemendum, foreldrum, kennurum, viðtökuskólum og skólayfirvöldum upplýsingar um námsgengi nemenda. Það er haft að leiðarljósi við frekari skipulagningu náms. Dalvíkurskóli metur lykilhæfni með markvissum hætti. Upplýsingar um námslega stöðu nemenda eru sendar heim eftir hverja námsönn, sem eru þrjár yfir skólaárið. Búið er að taka þá ákvörðun að á næsta skólaári verða tvær annir.

Helstu verkefni skólaárið 2017 – 2018

- Áfram var unnið markvisst að bættum námsárangri í Dalvíkurskóla í samvinnu við Fræðsluvið Dalvíkurbyggðar. Stýrihópur um bættan námsárangur, sem stofnaður var á vordögum 2015, hélt áfram störfum. Fundir voru hálfsmánaðarlega og fundargerðir skráðar. Hópurinn ákvað sameiginleg forgangsverkefni og kom upplýsingum þar að lútandi til teyma skólans sem unnu að því að koma þeim í framkvæmd í skólastarfinu. Starfshópurinn hefur lokið störfum og skilaði skýrslu varðandi þessi þrjú ár sem hann starfaði. Sú skýrsla var lögð fram til umsagnar í Fræðsluráði Dalvíkurbyggðar í maí 2018.
- Unnið var að endurskoðun á markmiðasetningu námsgreina og er því verki nánast lokið.
- Haldið var áfram að vinna að snemmtækri íhlutun í lestri og stærðfræði sem hefur skilað góðum árangri.
- Unnið var með fjölmennningarlegar kennsluáðferðir sem höfðu til mismunandi hæfni nemenda.
- Markvisst var unnið með lestrar – PALS í yngri bekkjum skólans.
- Skimunarpróf í læsi frá MMS, *Lesferill*, voru notuð í öllum árgögnum og niðurstöður þeirra nýttar í þágu nemenda.
- Samvinna við eldri borgara varðandi lestur var haldið áfram sem og skipulögðum lestrarsprettum í öllum árgögnum.
- Í samvinnu við fræðsluvið var nánast lokið við endurgerð læsisstefnu Dalvíkurskóla samhliða því að tekin var ákvörðun um að stefnan *Læsi er lykillinn yrði* læsisstefna fyrir sveitarfélagið í heild.



- Nemendarverndarráð heldur fundi mánaðarlega. Það hefur skilgreint hlutverk samkvæmt lögum um grunnskóla frá 2008.
- Stoðteymi starfar við Dalvíkurskóla. Í því sitja verkefnastjóri sérkennslu, iðjuþjálfari, þroskaþjálfari, náms- og starfsráðgjafi og deildarstjórar. Hlutverk þess er að leita stuðningsúrræða fyrir nemendur sem af einhverjum ástæðum eiga undir högg að sækja í skólanum og meta hvenær vísa þarf málum alla leið til nemendaverndarráðs. Stoðteymið kallar til umsjónarkennara og aðra kennara þegar þörf er á.
- Stjórnendur voru með fasta fundartíma tvisvar í viku, á þriðjudögum kl. 08:15 – 10:00 og á föstudögum kl. 12:45 – 14:00.
- Haldið var áfram að efla nemendalýðræði. *Námsnefnd* skipuð fulltrúum nemenda á unglíngastigi og fulltrúum kennara veittu ráðgjöf og aðhald um ýmislegt varðandi nám og kennslu. Nefndin fundaði mánaðarlega.
- Haldið var áfram með þróun teymisvinnu kennara sem kennarar hafa verið mjög ánægðir með.
- Kennsluráðgjafi fræðsluviðs fundaði með kennarateyminum ef þess var óskað bæði frá teyminum og stjórnendum.
- Áfram var unnið að þróun upplýsingatækni í skólustarfinu. Samstarfi haldið áfram við skóla á Eyjarfjarðarsvæðinu og með þeim haldnar sex menntabúðir á skólaárinu. Endurmenntunarsjóður grunnskóla styrkti verkefnið.
- Unnið var að umhverfismálum í *Grænfánaverkefninu-Skóli á grænni grein*. *Grænfánanum* var flaggað í fjórða sinn nú á vordögum.
- Unnið var eftir *Uppbyggingarstefnunni*. Verkefnastjóri kynnti hana fyrir nýju starfsfólki í haust.
- Unnið var markvisst að því að styrkja stærðfræðikennslu á yngra – og miðstigi í samráði við Háskólann á Akureyri.
- Hugurþjálfun er líkamsrækt hugans. Þróunarverkefni sem Gunnhildur Birnisdóttir verkefnastjóri sérkennslu sá um.
- Þróunar/stýrihópar skipaðir starfsfólki sem voru starfandi skólaárið 2017– 2018:
 - Samskipta – og hegðunarteymi (Eineltisteymi)
 - Umhverfisnefnd
 - Stýrihópur um læsi
 - Uppsetningar- og hönnunarteymi
 - Stýrihópur um innra mat skólans og símenntun
 - Stýrihópur um bættan námsárangur

Samantekt og ábendingar

Markmiðið með hópa - og nefndarfundum er að halda utan um viss verkefni sem skólinn er að vinna að og vill efla. Misjafnt er hvað hópar og nefndir funda oft á skólaárinu og fer það eftir eðli verkefna sem hópar eru að vinna að. Námsárangurshópur og eineltisteymi funda hálfsmánaðarlega en aðrir hópar eftir fundaskipulagi skólans.



Umbótaáætlun

Umbótapáttur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær, hvernig	Viðmið um árangur
Innramat	Að gerðar verði fundargerðir	Að innra mats teymi geri sér framkvæmdaáætlun á fyrsta fundi.	Haust 2018	Skólastjóri	Vor 2019	Að skráðar fundargerðir verði mánaðarlega
Fundir innra matsteymi	Að bæta vinnulag innra mats teymi	Að innra mats teymi fundi mánaðarlega	Skólaár 2018 - 2019	Skólastjóri	Vor 2019	Að skipulag teymis verði skilvirkara

Um innra mat

Markmið og tilgangur mats

Markmiðið með mati er að bæta og ígrunda skólastarf. Gagna í innra mati er aflað í daglegu starfi þar sem að kennarar, stjórnendur og starfsmenn afla gagna um nám, kennslu og velferð nemenda. Matið nær til allra þátta starfsins. Það gerir skólum kleift að kynnast starfi sínu vel og að finna bestu leiðirnar til umbóta fyrir nemendur. Í innra mati er unnið út frá eftirfarandi spurningum:

- Hversu vel stöndum við okkur ?
- Hvernig vitum við það ?
- Hverjir eru okkar styrkleikar og hvaða þætti þurfum við að bæta ?
- Hvað þurfum við að gera til að ná betri árangri ?

Yfirumsjón með innra mati á skólastarfi skólárið 2017 – 2018 hefur verið í höndum innramatsteymis Dalvíkurskóla. Það skipa Magni Þór Óskarsson kennari, Ása Fönn Friðbjarnardóttir kennari, Elmar Eiríksson kennari, Jenný Heiðarsdóttir foreldri og Gísli Bjarnason skólastjóri. Teymið fundaði aðallega á þeim tímum sem hópa – og nefndafundir voru skipulagðir. Hlutverk teymisins er að skipuleggja matið og bera ábyrgð á framkvæmd þess í samráði við skólastjóra, allt frá skipulagningu til eftirfylgni við umbætur. Teymið hefur farið yfir umbótaáætlun síðasta árs



og skoðað hvað komist hefur til framkvæmda á skólaárinu og hvað ekki. Þeir þættir sem ekki hafa komist til framkvæmda eru hafðir áfram inn í umbótaáætlun fyrir skólaárið 2018 – 2019.

Aðferðir og framkvæmd matsins

Þær leiðir sem voru farnar við að afla gagna voru mismunandi. Lagðir voru spurningalistar fyrir foreldra og starfsfólk í samvinnu við fræðsluvið Dalvíkurbyggðar. Olweusarkönnun, sem er eineltiskönnun, er lögð árlega fyrir nemendur í 5. – 10. bekk. Kennsluáætlanir eru rýndar og skoðaðar af stjórnendum og hafa þær verið í þróun síðustu ár. Í öllum bekkjum Dalvíkurskóla eru tekin stöðluð lestrarpróf, *Lesferill*, frá Menntamálastofnun og eru þau hluti af mati skólans. Skólinn er með tvo samráðsdaga heimilis og skóla á hverju skólaári. Eftir þá þurfa umsjónarkennarar að koma skriflegum upplýsingum til stjórnenda hafi einhverjar athugasemdir komið fram í viðtölum. Á hverju skólaári hefur skólinn sérstakan matsdag þar sem starfsfólki gefst tækifæri á segja hvað gengur vel í skólastarfinu og hvað gengur illa, punktar skráðir niður og notaðir í úrbótaáætlun sem innra matsteymið vinnur. Dalvíkurskóli er aðili að Skólapúlsinum sem mælir virkni nemenda í skólanum, líðan, heilsu og skóla- og bekkjaranda. Innan hvers þáttar eru mældir fimm til átta undirþættir. Mælingar eru gerðar tvisvar á skólaárinu, í september og maí. Samræmd próf eru í 4., 7., og 9. bekk og unnið er úr þeim samkvæmt sérstöku vinnuferli. Tillögur að úrbótum eru settar fram til að styðja frekar við hvern og einn einstakling. Annað námsmat er framkvæmt af kennurum Dalvíkurskóla og eru upplýsingar um námslega stöðu sendar heim þrisvar yfir skólaárið. Mat á lykilhæfni hefur nú farið fram í öllum árgöngum skólans. Skipulagðir teymisfundir eru vikulega þar sem teymin taka fyrir vissa umræðupunkta frá stjórnendum og niðurstöður fundanna eru skráðar í fundargerðir sem eru hluti af mati skólans. Kennurum er gert að skila árlega til stjórnenda yfirliti yfir hvernig starfsþróun þeirra er háttað á hverju skólaári. Námsnefnd var skipuð átta nemendum úr 7. – 10. bekk, stelpu og strák úr hverjum árgangi, tveimur kennurum úr unglingadeild og skólastjóra sem stýrði fundum. Fundað var sex sinnum á þessu skólaári. Nemendur sem sátu í nefndinni fengu tíma á bekkjarfundum/lífsleiknitímum til að ræða við aðra nemendur og fá umræðupunkta til að ræða í námsnefnd. Skólastjóri hefur farið á bekkjarfundi hjá nokkrum bekkjum í skólanum og hefur það skilað punktum til að bæta skólastarf.



Niðurstöður mats og umbætur

Foreldrakönnun



= Nær matsviðmiðum

= Nær **ekki** matsviðmiðum **Bláar tölur** sýna niðurstöðuna skólaárið 2016-2017 til samanburðar.

Rafræn foreldrakönnun var lögð fyrir foreldra viku fyrir samráðsdag og á samráðsdaginn sjálfan. Svörun á könnun var um **58%**. Foreldrar/forráðmenn svara spurningum er snúa að hverjum nemenda fyrir sig. Niðurstöður könnunar:

Matsspurning	Sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Ósammála	Niðurstaða (sammála/frekar sammála)	Matsviðmið	Jákvætt/ Neikvætt	Athugasemdir
Barninu mínu líður vel í skólanum	57,14 % 64,24 %	41,27% 32,45%	0,79% 2,65%	0,79% 0,66%	98,41% 97,00%	95%		
Ég er ánægð/ur með skólann	49,61% 50,33%	48,82 % 47,02%	1,57 % 2,65 %	0,00% 1,31%	98,43% 97,35 %	95%		
Mér finnst ég vera velkomin í skólann	76,38 % 82,43 %	22,83 % 17,57 %	0,79 % 0,00 %	0,00% 0,00%	99,21% 100,00 %	95%		
Ég tel að trúnaður ríki meðal starfsfólks	61,11 % 60,18 %	32,54 % 35,81 %	3,97 % 2,70 %	2,38 % 0,66 %	93,65% 96,62%	95%		
Ég er ánægð/ur með matinn sem barnið mitt fær að borða í skólanum	57,14% 28,48 %	37,30% 45,03 %	2,38 % 15,89 %	0,00% 3,31 %	94,44 % 73,51 %	65%		Börn með nesti 3,17% - 2018 Börn með nesti 7,28% - 2017
Mér finnst gott að leita til skólastjórnenda	40,80%	28,00 %	2,40 %	1,60 %	68,80			Hefur ekki verið áður Hef aldrei þurft þess 27,20 %
Ég hef kynnt mér skólanámskrá Dalvíkurskóla	27,20 %	40,80 %	22,40 %	10,40 %	68,00 %			Hefur ekki verið áður
Ég hef kynnt mér kennsluáætlanir barnsins míns	35,20%	38,40%	17,60%	8,80%	73,60 %			Hefur ekki verið áður



Ég skoða heimasíðu skólans reglulega og/eða facebook síðuna	39,68 %	38,10 %	20,63 %	1,59%	77,78 %				Hefur ekki verið áður
Ég tel að skólinn veiti nægar upplýsingar um náms – og þroskastöðu barnsins míns	57,94 % 52,06 %	35,71% 42,36 %	5,56 % 4,86 %	0,69% 0,79%	93,65% 94,42 %	93%			
Ég tel samráðsfundi (foreldrafundi) markvissa og árangursríka	52,80 %	40,80 %	5,60 %	0,80 %	93,60	90 %			Hefur ekki verið áður
Ég er ánægð/ur með starf umsjónarkennara barnsins míns.	82,40% 83,22%	15,20% 13,29 %	2,40% 3,50%	0,00% 0,00%	97,60% 96,59 %	95%			
Ég er ánægð/ur með aðra kennara sem kenna barninu mínu í skólanum	61,79 % 63,12 %	37,40 % 35,46%	0,81 % 1,42 %	0,00% 0,00%	99,19% 98,58 %	95%			
Barnið mitt sýnir náminu áhuga og gerir sitt besta	57,60% 48,95%	37,60 % 39,86 %	4,80% 9,09 %	0,00 % 2,10 %	95,20 % 88,81 %	90%			Bættum við spurningu (og gerir sitt besta)
Mér finnst barnið mitt hafa metnað fyrir námi	42,74 % 42,55 %	46,77% 43,26%	10,48 % 11,30 %	0,00 % 2,84 %	89,51% 85,81 %	90%			
Veist þú til þess að barnið þitt hafi lagt aðra í einelti á þessu skólaári ?	Já 1,60 % 2,13 %	Nei 98,40 % 97,87 %				100%			
Barnið mitt hefur orðið fyrir einelti á þessu skólaári	Já 10,40 % 14,39 %	Nei 48,00 % 49,64 %	Ekki svo ég v. 41,60 % 35,97 %			5%			
Þegar barnið mitt var lagt í einelti lét ég eftirfarandi starfsfólk vita	Umsj.k 57,14% 66,67 %	Eineltisteymi 14,29% 4,76%	Stjórnendur 21,43% 14,29 %	Ég lét ekki v. 7,14 % 14,29 %					Jákvætt að færri láta ekki vita
Starfsfólk skólans tekur á eineltismálum	Sammála 27,83 % 30,95 %	F. samm 42,61% 37,30%	F.ósammála 6,09 % 7,94 %	Ósammála 0,87 % 1,59 %	70,44% 68,25%	95%			Hef ekki skoðun 22,61 % 22,,22 %



Ég er ánægð/ur með fyrirkomulag á heimalestri barnsins míns	70,40 %	23,20 %	5,60 %	1,60 %	93,60 %	93 %	😊	Hefur ekki verið áður
Ég les bréf og tilkynningar frá kennurum barnsins míns	Alltaf 84,38 %	Oftast 15,63 %	Sjaldan	Aldrei		100 %	😊	Hefur ekki verið áður
Ég næ að nýta vetrarleyfis daga í samveru með fjölskyldu	Sammála 32,00 %	F. Sammála 20,00%	F. ósammála 20,80 %	Ósammála 27,20 %	52%	50%	😊	Hefur ekki verið áður

Samantekt og ábendingar

Í athugasemdum sem foreldrar gerðu töldu þeir að mikill styrkleiki skólans fælist í mannauðnum sem væri starfandi við skólann. Töluverður hópur telur að stærð skólans og nánd við samfélagið sé styrkleiki. Einnig vinsamlegt og hvetjandi umhverfi og að snemma sé brugðist við vanda. Sem veikleika nefndu nokkrir agamálin það sem þyrfti að taka á. Það kom líka fram að lítill metnaður væri hjá nemendum í námi sem verður að vera samstarfsverkefni heimilis og skóla. Nokkrar athugasemdir komu fram varðandi einstaka kennara og fjarveru kennara og eru þær athugasemdir ræddar í starfsþróunarsamtölum hvers kennara. Nokkrar ábendingar vörðuðu útileiksvæði fyrir nemendur. Jákvætt er að færri foreldrar nú en áður telja að barnið sitt verði fyrir einelti. Einnig komu fram vangaveltur varðandi tímasetningar á kynningum/haustfundum í skólanum. Heilt yfir kemur könnunin mjög vel út en auðvitað er það alltaf þannig að við getum gert betur og þannig er skólastarf í hnotskurn.

Umbótaáætlun

Matspáttur undir viðmiðum	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat Hvenær/Hvernig	Viðmið um árangur
Ég tel að trúnaður ríki meðal starfsfólks	Tryggja það að trúnaður ríki meðal starfsfólks	Fara betur yfir þagnarskyldu og ábyrgð	Haustfundir m. starfsfólki 2018	Skólastjóri	Foreldrakönnun á samráðsdegi	Sjá töflu
Barnið mitt hefur orðið fyrir einelti á þessu skólaári	Að sporna við einelti	Skýra betur út hvað er átt við þegar um einelti er að ræða	Á bekkjarf. skólaárið 2018 - 2019	Umsjónarkennarar	Foreldrakönnun á samráðsdegi í febr.	Helst viljum við losna við einelti úr skólanum
Þegar barnið mitt var lagt í einelti lét ég eftirfarandi starfsfólk vita	Að eineltismál fari í réttan farveg	Fara yfir þá verkferla sem	Haust 2018	Skólastjórnendur	Foreldrakönnun á samráðsdegi í febr.	Að eineltismál fari í réttan farveg



		gilda fá starfsmaður upplýsingar um einelti				
Ég hef kynnt mér kennsluáætlanir barnsins míns	Að bæta aðgengi foreldra að kennsluáætlunum	Senda kennsluáætlanir heim til foreldra	Skólaár 2018 -2019	Umsjónarkennarar	Foreldrakönnun á samráðsdegi	Að allir kennarar sendi áætlanir heim til foreldra
Ég hef kynnt mér skólanámskrá Dalvíkurskóla	Að foreldrar skoði skólanámskrá skólans betur	Senda tengil inn á heimasíðuna	Haust 2018	Skólastjórnendur	Foreldrakönnun á samráðsdegi	Að allir fari inn og skoði
Ég skoða heimasíðu skólans reglulega og/eða facebook síðuna	Að foreldrar skoði facebook síðu skólans	Senda upplýsingar varðandi Facebook/Heimasíðu skólans	Haust 2018	Skólastjórnendur	Foreldrakönnun á samráðsdegi	Að sem flestir fari inn og skoði

Starfsmannakönnun



= Nær matsviðmiðum

= Nær **ekki** matsviðmiðum

Bláar tölur sýna niðurstöðu skólaárið 2017-2018 til samanburðar

Rafraen starfsmannakönnun var lögð fyrir í byrjun maí og svarhlutfall var **81%** eða **42** starfsmenn.

Matsspurning	Sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Ósammála	Niðurstaða (sammála/frekar sammála)	Matsviðmið	Jákvætt/ Neikvætt	Athugasemdir
Mér líður vel í vinnunni	59,52 % 74,36%	35,71 % 25,64%	4,76% 0%	0 % 0%	95,24 % 95,24%	100%	=	
Ég er stolt/ur af vinnustaðnum mínum	61,90 % 71,79 %	35,71 % 28,21 %	2,38% 0%	0 % 0%	97,61% 100%	97%		
Mér finnst jákvæðni ríkja í starfsmanna - hópnum	43,90 % 43,59 %	48,78 % 56,41%	7,32% 0 %	0% 0%	92,68 % 100 %	97%		
Ég tel að álag í starfi mínu sé hæfilegt	40,48 % 23,08 %	47,62 % 64,10 %	9,52 % 12,82 %	2,38 % 0 %	88,10 % 87,18%	90%		



Þegar á heildina er litið									
Ég sé mig áfram í starfi á þessum vinnustað eftir 3 ár	42,86 % 51,,35 %	52,38 % 40,54 %	4,76 % 2,70 %	0 % 5,41 %	95,24 % 91,89 %	90% 😊	↑		
Á síðustu 12 mánuðum hef ég orðið fyrir eftirfarandi á vinnustað	Einelti 0 % 0 %	Kynferðislegri áreitni 0 % 0 %	Fordómum 0 % 2,94 %	Engu af þessu 0 % 97,06 %	100%/0% 97,06 %	100% 😊	↑		
Vinnustaður minn leggur áherslu á gæði í starfi og þjónustu	46,34 % 55,26 %	48,78 % 44,74 %	4,88 % 0 %	0 % 0 %	95,12 % 100 %	97% 😞	↓		
Ég leitast við að starfa í anda gilda Fræðslu – og menningar sviðs	Já 85,71 % 72,73 %	Nei 4,76 % 0 %	Þekki ekki gildin 9,52 % 27,27%		85,71 % 72,73 %	95% 😞	↑		
Mér finnst gott að leita til yfirmanns minnar stofnunar	61,90% 69,23 %	38,10 % 30,77 %	0,00% 0,00%	0,00% 0,00%	100% 100 %	95% 😊	=		
Mér finnst stjórnendur minnar stofnunar ýta undir faglegt frumkvæði	36,59 % 43,59 %	60,98 % 53,85 %	2,44 % 2,56 %	0,00% 0,00%	97,57% 97,44%	95% 😊	↑		
Mér finnst upplýsingaflæðið í stofnuinni minni gott	26,19 % 17,95 %	69,05 % 58,97 %	4,76 % 20,51 %	0 % 2,56%	95,24% 76,92%	95% 😊	↑	Mjög jákvætt	
Ég hef farið í starfsþróunarsamtal á síðustu 18 mánuði	Já 90,48 % 92,31 %	Nei 9,52 % 7,69 %			90,48 % 92,31 %	100% 😞	↓		
Á mínum vinnustað er lögð áhersla á að starfsmenn miðli þekkingu sín á milli	57,14 % 43,24 %	38,10 % 54,05%	4,76 % 2,70%	0,00% 0 %	95,24 % 97,29%	95% 😊	↓		



Ég held skrá yfir sí – og endurmenntun mína	Já 65,00 % 57,58 %	Nei 35,00 % 42,42 %			65,00 % 57,58 %	100%		
Mér finnst ganga vel að vinna með einstök agamál í skólanum	23,08 % 10,81 %	56,41 % 70,27 %	20,51 % 18,92 %	0,00 % 0,00 %	79,49 % 81,08%	85%		
Ég starfa eftir stefnu skólans um þjónustu við börn með sérþarfir	Já 76,32 % 65,71 %	Nei 7,89 % 2,86 %	Hef ekki kynnt mér hana 2,63 % 14,29 %	Á ekki við fyrir mig 13,16 % 17,14 %	76,32 % 65,71 %	100%		

Samantekt og ábendingar

Í opnum spurningum var m.a. spurt um hvaða endurmenntun/símenntun myndi nýtast þér eða starfsfólki á þínum vinnustað? Helstu niðurstöður voru að kennarar vildu meina að menntabúðir í upplýsinga – og tæknimennt væru að nýtast kennurum mjög vel og verður þeim haldið áfram á næsta skólaári. Töluverður áhugi er á að fræðast betur um kvíða og kvíðaraskanir og hvernig ætti að taka á því í skólastarfi. Agamálin voru einnig nefnd sem mikill álagspáttur í skólastarfi. Þegar starfsfólk var spurt um veikleika stofnunarinnar kom ekki mikið fram en nefnt var að það vantaði helst karlkennara á yngsta stig. Einnig var nefnt að það þarf að hlúa betur að nemendum af erlendum uppruna og finna leiðir til að auka metnað nemenda í námi. Starfsfólk telur styrkleika stofnunarinnar vera mikla jákvæðni, lausnamiðun og góðan starfsanda. Samvinna kennara hefur aukist með innleiðingu teymiskennslu/vinnu og er þetta alveg í samræmi við niðurstöðu könnunar. Einnig kom fram að það þarf að gera vinnuna í kringum erlendu börnin okkar miklu markvissari og að það þurfi helst að vera verkefnastjóri yfir þeim málum. Í heildina litið kemur könnunin vel út en það eru vissir þættir sem við getum bætt til að efla skólastarf enn frekar.

Umbótaáætlun

Umbótapáttur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær, hvernig	Viðmið um árangur
Aga – og hegðunarmál	Minnka álag vegna aga og hegðunar hjá nemendum	Fylgja betur eftir að nemendur fari eftir þeim bekkjarsáttmála sem gerður er í hverjum bekk	Skólaár 2018-2019	Kennarar	Starfsmannakönnun vorið 2019.	Minnkun á álagi vegna aga – og hegðunarmála



		samkvæmt Uppbyggingarstefnunni				
Aga – og hegðunarmál	Minnka álag vegna aga og hegðunar hjá nemendum	Stjórnendur meira sýnilegir og styðjandi við kennara í kennslu	Skólaár 2018 - 2019	Skólastjórnendur	Starfsmannakönnun vorið 2019.	Minnkun á álagi vegna aga – og hegðunarmála. Vinnufriður meiri
Rifja upp og kynna þær stefnur sem við vinnum eftir	Að allt starfsfólk verði meðvitað eftir hverju við vinnum	Setja stefnur inn í teymi til yfirlustrar	Haust 2019	Skólastjórnendur	Starfsmannakönnun vorið 2019.	Að 95% starfsmanna þekki stefnurnar.
Metnaður nemenda	Að auka metnað nemenda í námi	Að nemendur setji sér markmið á mið – og unglingastigi	Skólaár 2018 - 2019	Kennarar	Starfsmannakönnun vorið 2019	Finna fyrir auknum metnaði í námi
Námsmat	Að námsmat verði markvissara í skólanum	Endurskoða námsmatsáætlanir í Dalvíkurskóla	Skólaár 2018 - 2019	Stjórnendur og kennarar	Starfsmannakönnun vorið 2019	Að námsmat verði sýnilegra og símat í gangi allt skólaárið
Leiðsagnarmat í skólastarfi	Að starfsfólk kynni sér leiðsagnarmat betur	Teymi: Lestur á greinum er snúa að leiðsagnarmati	Skólaár 2018 - 2019	Stjórnendur	Skoðun vorið 2019 og næstu skref ákveðin þá	Að einhverjir kennara nýti sér þessa kennsluhætti
Leiðsagnarmat í skólastarfi	Að starfsfólk fái betri kynningu á leiðsagnarmati	Magnea Helgadóttir mun kynna leiðsagnarmat úr sínu námi	Skólaár 2018 - 2019	Skólastjóri	Skoðun vorið 2019 og næstu skref ákveðin þá	Að einhverjir kennara nýti sér þessa kennsluhætti
Leiðsagnarmat í skólastarfi	Vinna í skólanum í kjölfarið á náms – og kynnisferð til Scotlands	Að vera með leiðtoga innan skólans sem leiðir vinnu við leiðsagnarmat	Skólaár 2018 - 2019	Skólastjóri	Skoðun vorið 2019 og næstu skref ákveðin þá	Að kennara nýti sér þessa kennsluhætti
Stuðningur við nemendur af erlendum uppruna	Að styðja betur við nemendur af	Að vera með verkefnastjóra yfir þessu verkefni	Skólaár 2018 - 2019	Skólastjóri	Í starfsmanna könnun vor 2019	Að bæting verði í mælanlegum árangri hjá



	erlendum uppruna					nemendum af erlendum uppruna
--	---------------------	--	--	--	--	------------------------------------

Skólapúlsinn

Mælingar Skólapúlsins eru gerðar tvisvar yfir skólaárið, í október og apríl. Þetta er annað árið sem það er gert, en árin þar á undan voru gerðar þrjár mælingar yfir skólaárið. Ástæðan er fækkun nemenda í 6. – 10. bekk. Mælingar skólaársins 2015 - 2016 sýndu niðursveiflu í flestum matspáttum könnunarinnar, niðurstöður eftir veturinn 2016 - 2017 sýndu aðeins jákvæðari niðurstöður og á þessu skólaári hafa mælitölur stigið áfram upp á við. Skólinn er þó enn fyrir neðan landsmeðaltal í nokkrum þáttum sem tengjast líðan og sjálfsmynd en fyrir ofan landsmeðaltal þegar horft er til skólabrags og bekkjaranda. Hér á eftir verður farið yfir helstu niðurstöður og eru þær flokkaðar í þrennt, *virgni, líðan og heilsu og skóla- og bekkjaranda*, ásamt því að bera saman niðurstöður síðustu tveggja ára. **Bláar tölur** í töflum merkja að svör þátttakenda í rannsókninni eru tölfræðilega marktækt frábrugðin svörum viðmiðunarhópsins og að líkur megi leiða að því að munurinn sem kemur fram í úrtakinu sé einnig til staðar í þýðinu.

Virgni nemenda í skólanum

Allir matsþættir á virgni nemenda í skólanum sýna jákvæða þróun nema trú á eigin vinnubrögðum í námi sem er marktækt minni í skólanum borið saman við landið. Litlar breytingar eru á milli matsþátta frá október til apríl.



Ánægja af lestri hefur aukist milli ára og er nú á pari við landið hjá báðum kynjum. Í gangasafninu má greina töluverðan mun á milli árganga og er ánægjan minni í 8. og 9. bekk en öðrum árgöngum. Mikill munur er á milli drengja og stúlkna drengjum í óhag en þeir eru 1,2 stigum lægri en stúlkurnar, þó svo að bilið hafi minnkað um 0,2 stig á milli ára. Drengir í Dalvíkurskóla eru nú 0,1 undir landsmeðaltali drengja en stúlkurnar 0,2 yfir. Í vetur hafa allir nemendur skólans verið með heimalestrarmiða til að halda utan um heimalestur og hefur skipulagið verið mjög gott. Mánaðarlega fá foreldrar upplýsingar um hvernig heimalestri er sinnt og heimalestur er hluti af vitnisburði. Mjög líklegt er að aukin áhersla á heimalestur og eftirfylgni hafi áhrif á ánægju af lestri.

Þrautsegja í námi hefur aukist á milli ára, var marktækt 0,6 stigum undir landsmeðaltali á síðasta skólaári en er nú 0,2 stigum undir. Þrautsegja hefur aukist í öllum árgöngum og þrautsegja drengja er 0,7 stigum minni en stúlkna, munurinn var 1,5 stig á síðasta skólaári.

Áhugi á stærðfræði og ánægja af náttúrufræði hefur aukist en enn er Dalvíkurskóli aðeins undir landsmeðaltali í stærðfræðinni og 0,7 stigum undir í náttúrufræði.

Tveir þættir eru enn of langt undir landsmeðaltali sem eru mælingar á *trú á eigin vinnubrögðum í námi* og *eigin námsgetu*. Báðir matsþættirnir hafa dalað á milli mælinga í október og apríl, eru svipaðir og á síðast liðnu ári. Drengir hafa minni trú á eigin vinnubrögðum og námsgetu en stúlkur.

Almennt má segja um virkni nemenda í skólanum að hún hefur aukist frá fyrra ári en lækkað á milli mælinga og nokkur munur er á milli árganga. Hins vegar mælist skólinn enn undir landsmeðaltali og drengir eru neikvæðari gagnvart náminu og eru ekki jafn virkir í skólanum og stúlkur.

1. Virkni nemenda í skólanum				
Matsþættir	2016-17		2017-18	
	Niðurstaða	Mismunur	Niðurstaða	Mismunur
<u>1.1. Ánægja af lestri</u>	4,6	-0,3	4,8	0
<u>1.2. Þrautsegja í námi</u>	4,5	-0,6	4,8	-0,2
<u>1.3. Áhugi á stærðfræði</u>	4,7	-0,5	4,9	-0,2
<u>1.4. Ánægja af náttúrufræði</u>	4,1	-0,9	4,2	-0,7
<u>1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi</u>	4,5	-0,6	4,4	-0,6
<u>1.6. Trú á eigin námsgetu</u>	3,9	-1,1	4	-0,9



Líðan og heilsa

Sjálfsálit nemenda hefur aukist um 0,5 stig á milli ára sem er töluverð bæting. Stúlkur haf minna sjálfsálit en drengir og munar þar 0,9 stigum sem er mjög mikill munur. Matsþátturinn *stjórn á eigin lífi* mælir hvort nemendur treysti sér og geti leyst vandamál sem upp koma í lífinu stendur nánast í stað milli ára, en hefur lækkað um 0,5 stig á milli mælinga í október og apríl og kynjamunur er 0,5 stig stúlkum í óhag. Sömu sögu má segja af vellíðan sem er 0,6 undir landsmeðaltali og hefur minnkað milli mælinga en munur á milli kynja er minni eða 0,4 stúlkum í óhag.

Samkvæmt mælingum ársins hefur *einelti* minnkað sem og *tíðni eineltis* og er það jákvæð þróun. Nemendur *hreyfa sig* meira en aðrir nemendur á landinu, jafnt strákar sem stelpur, en þó hefur hreyfing minnkað á milli mælinga. Hollt mataræði er rétt undir landsmeðaltali, en bilið hefur minnkað á milli ára. Stúlkur borða hollari mat en drengir og nemendur í elstu árgöngunum borða óhollari mat en yngri nemendur. Almennt má segja að líðan og heilsa hafi batnað frá fyrra skólaári. Mikilvægt er að huga vel að þessum þætti enda er góð líðan ein af forsendum þess að skapa góðar námsaðstæður og að nám eigi sér stað.

2. Líðan og heilsa

Matsþættir	2016-17		2017-18	
	Niðurstaða	Mismunur	Niðurstaða	Mismunur
2.1. Sjálfsálit	4,1	-0,9	4,6	-0,4
2.2. Stjórn á eigin lífi	4,4	-0,5	4,5	-0,4
2.3. Vellíðan	4,4	-0,5	4,3	-0,6
2.4. Áhyggjur og stress- ástæður	-	-	-	-
2.5. Einelti	5,6	0,4	5,3	0,1
2.6. Tíðni eineltis	17,20%	5,60%	16,80%	4,80%
2.7. Staðir eineltis	-	-	-	-
2.8. Tíðni hreyfingar - 2 í viku eða oftar	53,40%	11,70%	49,50%	8,50%
2.9. Hollt mataræði	4,4	-0,4	4,6	-0,2



Skóla- og bekkjarandi

Samsömun við nemendahópinn er 0,6 stigum undir landsmeðaltali sem er nokkuð mikill munur en hefur minnkað um 0,4 stig á milli ára sem er góð þróun. Kynjamunur er í svörum nemenda sem og munur á milli árganga. Nemendur eru í ágætu sambandi við kennara og mælist 0,4 stigum betra en á síðasta skólaári. Stúlkur eru í meira/betra sambandi við kennara en drengir. Agi í tímum hefur aukist frá síðasta skólaári og stúlkur telja meiri aga í tímum en drengir en nánast enginn munur var í svörum nemenda eftir kyni í fyrra.

Virkt þátttaka nemenda Dalvíkurskóla er marktækt meiri en á landinu og er einkenni skólans, hefur aukist um 0,3 stig frá síðasta

ári, hefur minnkað innan skólaársins en lítill munur er í svörum kynjanna. Elsti árgangur skólans sker sig út í svörum í þessum matsþætti en þar telja nemendur sig mjög virka í tímum. Nemendur líta á að heimanám sé mikilvægt í náminu, stúlkur telja það mikilvægara en drengir.

Samantekt og ábendingar

Mikilvægt er að leggja áherslu á bætt líðan nemenda Dalvíkurskóla og trú þeirra á eigin getu enda er góð líðan ein af forsendum fyrir því að nám eigi sér stað. Margir þættir hafa áhrif á líðan hvort heldur sem er innan eða utan skóla. Bætt og aukið utanumhald í kringum lestur sýnir að þar má ná góðum/mælanlegum árangri og í ljósi árangurs þess er mikilvægt að skoða hvað hægt er að gera til að auka vellíðan og sjálfsmynd nemenda. Á undanföllum árum hefur virkni nemenda í tímum aukist og má þar þakka notkun Google Classroom sem heldur vel utan um nám nemenda og auðveldar kennurum að fylgjast með vinnu og heimanámsskilum og nemendur virðast almennt ánægðir með kerfið. Athyglisvert er að skoða kynjamun, strákar eru áhugaminni um nám en líður þó aðeins betur í skólanum.

Mikilvægt er að skólasamfélagið vinni að verkefnum sem stuðla að því að bæta og styrkja nemendur sem einstaklinga og sem námsmenn. Auka þarf sjálfsálit þeirra og trú á eigin getu. Samkvæmt mælingum hefur kvíði á meðal íslenskra unglinga aukist á undanföllum árum og nauðsynlegt að grípa til aðgerða sem bæta andlega þætti. Hugarfrelsi er dæmi um aðferð til að vinna með þessa þætti og hefur það verið notað í elstu bekkjunum skólans en þátt þess þarf að auka í skólastarfinu. Einnig þarf að auka fræðslu til foreldra enn meira og nýta Skólapúlsinn til að kanna og meta áhrif íhlutunar.

3. Skóla- og bekkjarandi				
Matsþættir	2016-17		2017-18	
	Niðurstaða	Mismunur	Niðurstaða	Mismunur
3.1. Samsömun við nemendahópinn	4,1	-1	4,4	-0,6
3.2. Samband nemenda við kennara	5	-0,1	5,3	0,3
3.3. Agi í tímum	4,9	-0,2	5,1	0,1
3.4. Virkt þátttaka nemenda í tímum	5,3	0,1	5,5	0,4
3.5. Mikilvægi heimavinnu í náminu	5,2	0,4	5,6	0,9



Umbótaáætlun

Umbótapáttur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat Hvenær/Hvernig	Viðmið um árangur
Sjálfstraust nemenda	Auka sjálfstraust nemenda	Að kennarar gefi sér tíma til að spjalla við nemendur - Sófaspjall	Skólaár 2018 - 2019	Kennarar/ Skólastjórnendur	Skólapúlsinum skólaári 2018 - 2019	Betri niðurstöður úr Skólapúlsinum
Líðan nemenda	Bæta líðan nemenda	Ýta undir jákvæðan bekkjaranda.	Skólaár 2018 - 2019	Kennarar/ Skólastjórnendur	Skólapúlsinum skólaári 2018 - 2019	Betri niðurstöður úr Skólapúlsinum
Líðan nemenda	Bæta líðan nemenda	Að <i>Hugarfrelsi</i> verði notuð í öllum árgöngum í skólanum	Skólaár 2018 - 2019	Kennarar/ Skólastjórnendur	Skólapúlsinum skólaári 2018 - 2019	Betri niðurstöður úr Skólapúlsinum
Sjálfsmynd nemenda	Aukin sjálfsmynd nemenda	Tala við nemendur á uppbyggilegan hátt sem er í anda leiðsagnarmats	Skólaár 2018 - 2019	Allt starfsfólk	Skólapúlsinum skólaári 2018 - 2019	Betri niðurstöður úr Skólapúlsinum
Náttúrufræði	Að auka áhuga og ánægju á náttúrufræði	Að auka fjölbreytni í kennsluháttum.	Skólaár 2018 - 2019	Kennarar	Skólapúlsinum skólaári 2018 - 2019	Betri niðurstöður úr Skólapúlsinum
Náttúrufræði	Að auka áhuga og ánægju á náttúrufræði	Búa til lista fyrir tækjakaup til þriggja ára og skólinn tryggir fjármagn í það verkefni	Skólaár 2018 - 2021	Kennarar/skólastjóri	Skólapúlsinum skólaári 2018 - 2019	Betri niðurstöður úr Skólapúlsinum



Samráðsdagar foreldra

Eftir samráðsdaga foreldra skiluðu kennarar samræmdu eyðublaði til stjórnenda ef einhverjar athugasemdir komu fram varðandi nám og kennslu. Allir skiluðu inn eyðublöðum. Mæting foreldra í viðtölin var góð en fáein viðtöl voru tekin á öðrum dögum eða gegnum síma þegar það hentaði foreldrum betur.

Tölfræði frá samráðsdegi 11. október 2017

Hver kom	Báðir foreldrar	Faðir einn	Móðir ein
Samtals 213 viðtöl	26%/55	9%/19	65% /139

Tölfræði frá samráðsdegi 15. febrúar. 2018

Hver kom	Báðir foreldrar	Faðir einn	Móðir ein
Samtals 209 viðtöl	36%/75	11%/23	53%/111

Samantekt og ábendingar

Allir sammála um að samráðsviðtöl hafi gengið vel þetta skólaár og allir sammála um að þessi viðtöl eigi að snúast um næstu skref í námi hvers einstaklings og að horfa til framtíðar. Nú hefur færst í vöxt að nemendur setji sér markmið með foreldrum sínum sem er mjög jákvætt og er ein leið til að auka metnað nemenda í námi. Skoða mætti að formgera betur þessa markmiðssetningu hjá hverjum og einum einstaklingi. Mjög jákvætt að senda slóð á foreldrakönnun viku fyrir samráðsdag þar sem einhverjir hafa ekki tíma til að svara könnun á þeim degi, sérstaklega foreldrar sem eiga mörg börn í skóla.



Umbótaáætlun

Umbótaþáttur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat Hvernig/Hvenær ?	Viðmið um árangur
Samráðsviðtöl	Gera samráðsviðtöl markvissari og skilvirkari	Skoða það hvernig við viljum sjá framkvæmd á samráðsviðtölum. Til hvers er ætlast?	Haust 2018	Stjórnendur/Kennarar	Á kennarafundi nú í haust.	Betri námsárangur nemenda og meiri áhugi foreldra
Markmiðssetning nemenda	Að auka metnað nemenda í námi	Að nemendur setji sér markmið til að ná í námi	Skólaár 2018 – 2019.	Kennarar	Skoðun vor 2018	Að þessi vinnubrögð verði viðhöfð í skólanum

Samræmd próf





Á skólaárinu 2017 – 2018 voru rafræn samræmd próf í 4., 7., og 9. bekk. Framkvæmd á samræmdum prófum gekk mjög vel hjá 4. og 7. bekk en ekki eins vel hjá 9. bekk þar sem tæknileg mistök hjá Menntamálastofnun urðu til þess að nemendur í 9. bekk gátu bara tekið próf í stærðfræði en ekki í ensku og íslensku á uppgefnum tíma. Fengu nemendur val um að taka próf aftur í íslensku og ensku og nokkrir nemendur nýttu sér þann möguleika nú í vor.

Samantekt og ábendingar

Eftir niðurstöður samræmdra prófa var unnið eftir samþykktu vinnuferli skólans og þær niðurstöður notaðar til að bæta námsárangur nemenda og styrkja þá þætti sem nemandi þarf að bæta sig í. Skólinn kom mjög vel út í 4. og 7. bekk þetta skólaár og var meðal efstu skóla á landinu í 4. bekk, bæði í íslensku og stærðfræði. Einnig vorum við ofarlega í 7. bekk bæði í íslensku og stærðfræði og höfðu margir nemendur bætt stöðu sína frá því í 4. bekk sem er afar jákvætt fyrir skólann. Skólinn setur sér það markmið að vera alltaf yfir meðallagi á landsvísu og náðum við því markmiði núna. Það vantar greinilega meiri stöðugleika milli árganga í samræmdum prófum í Dalvíkurskóla eins og sést á samanburðartölum hér fyrir neðan. Niðurstöður hjá nemendum í 9. bekk sem völdu það að taka samræmd próf aftur verða rýndar og notaðar til umbóta fyrir þá nemendur eins og hefur verið.







Dreifing raðeinkunna





Meðaltöl 2001 – 2017





Umbótaáætlun

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat Hvernig/Hvenær	Viðmið um árangur
Auka metnað nemenda í námi	Bæta námsárangur nemenda í Dalvíkurskóla	Nemendaspjall – Umsjónarkennurum gert kleift og gefinn tími til að ræða við nemendur um framvindu í námi	Skólaárið 2018-2019	Allir kennarar	Með námsmati eftir hverja önn	Sjá meiri metnað og áhuga hjá nemendum í námi.
Samræmd próf	Að nemendur fái þjálfun í að taka rafræn próf	Að nemendur taki rafræn þjálfunar – próf á vef MMS	Skólaár 2018 - 2019	Umsjónakennarar	Niðurstöður samræmdra prófa	Bæta niðurstöður samræmdra prófa

Kennsluáætlanir

Kennarar skila kennsluáætlunum á innra svæði skólans þar sem þær eru aðgengilegar. Eyðublað sem er notað er samræmt af kennurum og skólastjórnendum. Kennsluáætlanir þurfa að innhalda hæfniviðmið, kennsluhætti, verkefni/námsefni og mat á námsþætti/afurð. Stjórnendur fara yfir áætlanir og gera athugasemdir ef þurfa þykir.

Samantekt og ábendingar

Heilt yfir hefur þetta gengið vel og er á góðri leið þar sem markmiðssetningu námsgreina er lokið og ætti það að verða til þess að kennsluáætlanir verði markvissari. Það sem væri til bóta er að stjórnendur skipulegðu á markvissari hátt yfirferð á kennsluáætlunum. Skil á kennsluáætlunum voru nokkuð góð. Það kom reyndar í ljós að kennarar settu þær ekki á réttan stað á innra neti skólans en flestar skiluðu sér á endanum.



Umbótaáætlun

Umbótaþáttur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat Hvernig/Hvenær	Viðmið um árangur
Kennsluáætlanir	Meira aðhald og eftirfylgni frá stjórnendum	Að stjórnendur setji sér upp vinnuskipulag varðandi yfirferð á kennsluáætlunum	Haust 2018	Skólastjórnendur	Gera tikklista yfir það hvaða áætlanir hafa örugglega verið skoðaðar eftir hvert kennslutímabil	Að yfirferð kennsluáætlana verði með skipulögðum hætti
Kennsluáætlanir	Gera kennsluáætlanir skilvirkari	Í eyðublað fyrir kennsluáætlanir fyrir næsta skólaár er komin sér dálkur inn í hverja áætlun til að skrá hvort markmiðum hafi verið náð ?	Skólaár 2018 - 2019	Allir kennarar	Yfirferð stjórnenda að vori	Að markvisst verður unnið eftir kennsluáætlunum
Kennsluáætlanir	Að bæta sýnileika áætlana	Setja upp verkferil um að setja kennsluáætlanir á heimasíðu	Haust 2018	Kennarar	Skoða í upphaf hvernig annar hvort kennsluáætlanir eru aðgengilegar fyrir nemendur og foreldra	Að allar áætlanir hvers árgangs verði sýnilegar fyrir foreldra í upphafi hvers nýs kennslutímabils
Kennsluáætlanir	Að bæta sýnileika áætlana	Sendu upplýsingar heim til foreldra þegar þær eru komnar á heimasíðu	Haust 2018 og jan. 2018	Kennarar	Foreldrakönnun á vorönn 2018 - 2019	Að meiri hluti foreldra hafi kynnt sér kennsluáætlanir

Kennsluhættir

Ekki var gert formlegt mat á kennsluháttum á þessu skólaári en samt sem áður var eftirfylgni með að kennarar nýttu sér aðferðir eftir námskeið hjá Guðrúnu Pétursdóttur sem hafði yfirskriftina „*Samvirkt nám í fjölbreyttum nemendahópi*“. Guðrún var með námskeið 15. – 16. ágúst og var svo með eftirfylgni fram í desember sem fólst í því að kennarar gátu nýtt sér hennar þjónustu og fengið ráðleggingar. Hún kom svo 7. desember



og hitti alla kennara sem sögðu frá því hvað þeir hefðu verið að gera sem var mjög mikilvægt. Verið er að innleiða breytta kennsluhætti í stærðfræði á öllum stigum.

Samantekt og ábendingar

Á skólaárinu reyndu stjórnendur að vera sýnilegri í kringum nemendur í kennslu og veita kennurum meiri stuðning í erfiðum agamálum en hægt er að gera betur í þeim málum hjá okkur. Iðjuþjálfari og þroskaþjálfari komu meira að aga – og hegðunarmálum í skólanum en áður. Kennarar á yngri – og miðstigi hafa verið í samstarfi við kennsluráðgjafa Dalvíkurbyggðar, aðra skóla inni á Akureyri og HA til að styrkja sig í stærðfræðikennslu.

Umbótaáætlun

Umbótaþáttur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat Hvernig/Hvenær	Viðmið um árangur
Kennsluhættir	Upplýsa nemendur með markmið kennslustundar	Gera markmið sýnileg í kennslustofum fyrir nemendur	Haust 2018	Kennarar	Skoðun stjórnenda á skólaárinu	Að nemendur verði meðvitaðri um markmið sín.
Kennsluhættir	Að nemendur ígrundi hvað þeir hafa verið að læra	Að kennari fari yfir stuttlega hvað nemendur áttu að læra, má vera eftir viku eða eftir hverja kennslustund ?	Haust 2018	Kennarar	Skoðun stjórnenda á skólaárinu	Skoðun
Kennsluhættir	Að símat verði í gangi allan veturinn	Að kennara búi sér til tikklista til að meta vísu þætti í skólastarfi	Unnið á kennarafundi í haust	Skólastjórnendur/kennarar	Skoðun stjórnenda á skólaárinu	Að nemendur verða meðvitaðri um hvað er verið að meta.

Sér og stuðningskennsla

Skólaárið 2017 - 2018 fékk um 28 % nemenda eða 61 nemandi sérstaka aðstoð eða sérkennslu daglega eða oft en tvisvar í viku í formi einstaklingskennslu, iðjuþjálfunar, þroskaþjálfunar, aðstoðar við nýbúa og/eða þjálfun í hegðunarmótun. Sérþörfum nemenda er mætt með mismunandi hætti, en tekið er mið af þörfum og hæfileikum hvers einstaklings. Unnið er með nemandann ýmist einan eða í hópi, inni í



almennri kennslustofu, á opnum svæðum eða í námsveri. Almenna reglan er sú að sérkennsla fari sem mest fram í bekkjarumhverfinu. Rík áhersla er lögð á snemmtæka íhlutun og þannig leitast við að fyrirbyggja örðugleika í námi og samskiptum seinna á skólagöngunni. Þar af leiðandi erum við að sinna mörgum nemendum sem ekki er greitt með frá Jöfnunarsjóði. Mikill tími og orka hefur farið síðasta skólaár í vinnu hegðunarmála og er það sífellt stækkandi partur skólasterfsins. Stór hluti af vinnu iðjuþjálfra og þroskaþjálfra skólans fer í vinnu við að reyna að slökkva þá elda sem hegðunarmál eru og eru sífellt að koma upp aftur og aftur.

Samantekt og ábendingar

Sér- og stuðningskennslan hefur gengið vel í skólanum hjá okkur og má þakka það öflugum starfi stoðteymis í skólanum þar sem fagfólk skólans fer yfir sér – og stuðningsmál í skólanum. Stoðteymi fundar þrisvar í mánuði og fer yfir stöðuna hvort það þurfi að auka eða draga úr stuðningi. En það er nokkuð ljóst eins og áður að aga - og hegðunarmál er stór álagsþáttur hér hjá okkur.

Umbótaáætlun

Umbótaþáttur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat Hvernig/Hvenær	Viðmið um árangur
Starfslýsingar stuðningsfulltrúa	Að upplýsa kennara um starfslýsingu stuðningsfulltrúa	Að starfslýsing stuðningsfulltrúa verði tekin til umræðu inn í hverju teymi	Haust 2018	Skólastjóri	Á fundi með stuðningsfulltrúum á vordögum 2019	Að allir kennarar verði upplýstir um hvað ætlast er til af stuðningsfulltrúum.
Hegðunarmál	Bæta aga og hegðun hjá nemendum	Endurskoðun á skólareglum	Skólaár 2018 - 2019	Skólastjóri	Starfsmannakönnun á vorönn 2018 - 2019	Bætt hegðun nemenda

Skólaþing

Innanhússþing var að venju haldið í desember, en skólaþing sem hefur verið síðasta starfsdag í júní var ekki þetta skólaár vegna námsferðar starfsfólks. Á skólaþingi segja kennarar frá áhugaverðum verkefnum og fjölbreyttum kennsluaðferðum. Dalvíkurskóli hefur gefið sig út fyrir að vera með fjölbreyttar kennsluaðferðir og hefur það svo sannarlega komið fram á þingunum. Innanhússþingin hafa þróast á undanförunum árum frá því að kennarar sögðu frá afrakstri verkefnavinnu í það að lýsa verkferlum, áherslum og vinnubrögðum nemenda og kennara.



Samantekt og ábendingar

Á skólapingi í desember voru átta dagskráliðir:

1. Guðríður kynnti heimasíðuna Gonoodle þar sem eru stutt video sem eru sýnd og nemendur gera eins og sýnt er á myndbandinu. Á síðunni incedibox.com er hægt að fá hugmyndir að dansi og takti þar sem nemendur geta búið til tónlist sem síðan er notuð til að búa til dans.
2. Kennarar í 1. og 2. bekk kynntu spilahringekju sem gengur út á að þjálfra einbeitingu og vinnsluminni með markvissum hætti. Fjórir starfsmenn eru til staðar, hver með tvær stöðvar og þar af önnur sjálfstýrandi. Nemendum er skipt í hópa, getuskiptir, en árgöngum er ekki blandað saman. Spilin eru síðan einnig notuð t.d. í stærðfræðikeppni. Hringekjan er keyrð tvisvar í viku í tvær vikur og næstu tvær er hún hvíld.
3. Sirkus í 3. og 4. bekk er upphaflega Söguaðferðarverkefni sem búið er að aðlaga og blanda saman við Clim og Byrjendalæsi. Nemendum er skipt í hópa og hver hópur vinnur A verkefni og síðan B verkefni. Myndir er að finna í möppu á myndadrifi. Verkefnin tengdust dýrum, náttúrufræði, sköpun, stærðfræði og rökhugsun í hönnun á sirkus.
4. Ingvi kynnti smiðju, valgrein nemenda, sem hann kenndi í 9. og 10. bekk. Kennslan gekk út á að hlusta á tónlist, læra um tónlist og læra að hlusta eftir ákveðnum hlutum í lögum. Síðan fengu nemendur að prófa að spila saman lag. Nemendur skiptust á að prófa hljóðfæri og spila lag. Auk þess lærðu nemendur um söguna á bak við lagið, þættir sem sýndir voru á RUV fyrir skemmstu. Í framhaldi sýndi Ingvi þrjú myndskreið og sagði frá verkefni sem hann tók að sér með nemanda í 10. bekk.
5. Lilja Bára hefur notað **Class jojo** appið frá því haust til að halda utan um vinnusemi og vinnufrið í tímum. Allir nemendur tóku þátt í að velja þætti sem skipta máli í samskiptum og vinnu í bekk. Hægt er að fá stig fyrir að hjálpa öðrum, hrósa, vera jákvæður, kurteisi, kynna verkefni, verkefni og halda vinnufrið. Auk þess var rætt hvað á að forðast og þarf að laga. Kennari gefur stig fyrir hvern tíma og er þetta gott app til að halda góðum aga í bekk.
6. Aurasma er forrit til að taka upp verkefni nemenda. Þeir taka mynd af ákveðnum hlut og tengja myndband við. Nemendur segja eitthvað um myndina og þegar snjalltæki les hana birtast þær upplýsingar á skjánum. Guðríður notaði þetta í stærðfræði í 6. bekk þegar nemendur voru að læra um form.
7. Magni kynnti forritið Book Creator sem hefur verið til um nokkurt skeið. Hann hefur notað það með 7. bekk og geta nemendur hvort heldur skilað verkefnum skriflega og munnlega með því að nota forritið.
8. Guðný kynnti Kahoot og var með léttan leik fyrir starfsmenn.



Umbótaáætlun

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat Hvenær/Hvernig	Viðmið um árangur
Skólalæping	Kynna það sem við erum að gera	Þjóða fræðsluráði, fræðslustjóra og kennsluráðgjafa að sitja skólalæping	Des. og maí á skólaárinu 2018 - 2019	Skólastjórnendur	Skoðun eftir þing	Sjá sem flesta frá Fræðsluviði og úr fræðsluráði

Matsdagur starfsfólks

Matsdagur starfsfólks var haldinn 5. apríl 2018. Gísli kynnti breytingar sem felast í nýjum persónuverndarlögum sem munu öðlast gildi í maí á þessu ári. Löggiöfin mun hafa mikil áhrif á vinnslu persónuupplýsinga og hvernig þær eru geymdar. Skólinn og/eða sveitarfélagið þarf að gera vinnslusamninga við aðila sem geyma gögn sem tengjast nemendum og starfsfólki. Stefnt er að því að finna tíma til að kynna starfsfólki breytingarnar enn frekar þegar nær dregur og hvað mikilvægt er að hafa í huga við innleiðingu laganna auk nýrra verkferla.

Í framhaldinu settust starfsmenn í hring og áttu að segja frá einhverjum tveimur atriðum sem þeim fannst gott við skólastarfið og einu atriði sem þeim fannst þurfa að laga og mætti betur fara. Einhverju var hrint strax af stað og lagað en annað sett inn í úrbótaáætlun. Það kom greinilega fram að starfsfólki líður vel og er ánægt í starfi sem er alveg í samræmi við starfsmannakönnun sem var lögð fyrir í maí. En alltaf er það þannig að við getum gert betur í dag en við gerðum í gær.

Samantekt og ábendingar

Á matsdeginum kom mjög skýrt fram að starfsfólki líður vel í vinnunni og mikil jákvæðni er í starfsmannahópnum. Starfsfólk telur að mikil lausnamiðun sé í gangi og mikill stuðningur við nemendur. Mikil starfsánægja, samkennd og stuðningur er til staðar, allir tilbúnir að leysa mál sem koma upp og taka þátt í nýjungum og nýjum verkefnum. Starfsfólki finnst mikið traust á milli samstarfsaðila og segjast hlakka til að koma í vinnu á hverjum morgni.

Ýmislegt kom fram sem mætti bæta. Hegðunar- og agamál er brýnast að leysa. Fram kom að starfsfólki fannst vanta sérkennara á unglingastig og meiri stuðning við nýja nemendur sem eru að byrja í skólanum, sérstaklega á unglingastigi. Það kom athugasemd varðandi frímínútnagæslu og að stundum vantaði afleysingu úti þegar forföll væru. Nokkrir töluðu um að halda Uppbyggingarstefnunni meira á lofti í skólanum.




Umbótaáætlun

Umbótaþáttur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat Hvenær/Hvernig	Viðmið um árangur
Móttökuáætlun	Að bæta það hvernig við tökum á mót nemendum, sérstaklega í unglिंगadeild, sem eru með frávík í námi	Endurskoða verkferla er varða nemendur sem koma nýir inn í skólann	Haust 2018	Skólastjóri	Á matsdegi vorið 2019	Að kennarar á unglिंगastigi finni meiri stuðning er varða nemendur með frávík.
Frímínútnagæsla	Að passa að alltaf verði fullmannað á útivaktir	Skoða með vaktir eins og með kennslustundir þegar starfsfólk vantar	Skólaár 2018 - 2019	Deildastjórar	Á matsdegi vor 2019	Að allar vaktir verða mannaðar þegar forföll verða.
Sér – og stuðningsmál á unglिंगastigi	Að bæta sérúrræði á unglिंगastigi	Kortleggja þörfina með stoðteymi skólans og grípa til viðeigandi aðgerða sem byggðar eru á henni	Haust 2018	Skólastjórnendur	Á matsdegi vor 2019	Að bæting verði á sérúrræðum í unglिंगadeild
Uppbyggingarstefnu haldið meira á lofti	Að halda betur utan um aga – og hegðunarmál	Stjórnendur funda með verkefnastjóra í haust og skipuleggja veturinn er varðar eftirfylgni	Haust 2018	Skólastjóri	Í starfsmannakönnun vor 2019	Að betur verði haldið utan um aga – og hegðunarmál



Stöðluð lestrarpróf sem tekin eru í 1. – 10. bekk

Nemendur Dalvíkurskóla taka lestrarpróf frá Menntamálastofnun og notar skólinn tilgreind lesfímiviðmið fyrir 1. – 10. bekk frá þeim. Niðurstaðan er að yngri bekkir skólans sýna betri árangur en þeir sem eldri eru. Unnið er að því að bæta árangur eldri nemenda með því að foreldrar kvitti fyrir lestri heima. Læsi er einn af grunnþáttum menntunar og mikilvægt að ná góðri samvinnu við heimilin um að hlúa að lestrarfærni barna. Skólinn setur sér það markmið að með virkri aðstoð foreldra nái allir nemendur góðri lestrarfærni sem fyrst á skólagöngunni.





Samantekt og ábendingar

Samkvæmt þessum niðurstöðum höfum við verið að taka miklum framförum í yngstu bekkjum skólans. Sérstaklega í fyrstu fjórum bekkjunum en þeir hafa allir tekið þátt í verkefninu *Byrgjum brunninn*. Nú þarf að hlú vel að þessum nemendum með mikilli eftirfylgni í samvinnu við heimili.

Umbótaáætlun

Umbótaþáttur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat Hvenær/Hvernig	Viðmið um árangur
Auka lesfimi og lesskilning	Bæta lesfimi og lesskilning	Skipulagðir Læsis - heimapakkar með skriflegum samningum við foreldra í 1. – 5. bekk	Skólaár 2018 - 2019	Umsjónarkennari/ sérkennari	Eftir hvern heimapakka	Ná lágmarks lestrarviðmiðum MMS
Auka lesfimi og lesskilning í eldri bekkjum	Bæta lesfimi og lesskilning hjá eldri nemendum í Dalvíkurskóla	Hafa lestrartengd verkefni í öllum bóklegum fögum	Skólaár 2018 - 2019	Kennarar	Með námsmati að vori	Að fleiri ná þeim viðmiðum sem MMS setur
Auka lesfimi og lesskilning í eldri bekkjum	Bæta lesfimi og lesskilning hjá eldri nemendum í Dalvíkurskóla	Skapa meira svigrúm fyrir kennara að geta sinnt lestri nemenda í skólanum með betri nýtingu starfsfólks	Skólaár 2018 - 2019	Skólastjórnendur og kennarar	Vor 2018 – Könnun sett inn í hvert teymi	Að kennarar ná að sinna lestri betur og að nemendur sýni árangur

Raddir nemenda

Námsnefnd var skipuð átta nemendum úr 7. – 10. bekk, stelpa og strákur úr hverjum árgangi, tveimur kennurum úr unglingadeild og skólastjóra sem stýrði fundum. Fundir voru haldnir sex sinnum á þessu skólaári. Það sem var aðalega tekið var fyrir var nám, kennsla og aðbúnaður nemenda þá sérstaklega í frímínútum. Kennarar voru viðstaddir þrjá fundi hjá námsnefnd en hina þrjá funduðu þau einungis með skólastjóra. Nemendur fengu tækifæri á bekkjarfundum eða lífsleiknitímum til að fá hugmyndir að málefnum frá öðrum nemendum er varðar nám og



kennslu og aðbúnað nemenda. Í skólanum starfar einnig umhverfisnefnd þar sem hver árgangur á sinn fulltrúa. Nefndin hittist á þremur fundum og fór yfir hvað betur mætti fara í umhverfismálum í Dalvíkurskóla.

Samantekt og ábendingar

Nemendur voru heilt yfir ánægðir með skipulag á skólastarfi. Almenn ánægja var með kennsluna og hrósuðu nemendur kennurum mikið. Í vetur var töluverð umræða um skólalóðina og mikil ánægja með fyrstu drög að hönnun á nýrri skólalóð. Mikil gleði var með kaup á nýjum húsgögnum á unglíngagang. Nemendur voru heilt yfir mjög jákvæð í garð skólans og sérstaklega voru þau ánægð með að prófadagar voru lagðir niður og símat í gangi allan veturinn.

Umbótaáætlun

Umbótaþáttur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat Hvenær/Hvernig	Viðmið um árangur
Skólalóð	Að nemendur fái að fylgjast með framvindu við hönnun og framkvæmd á skólalóð	Upplýsa nemendur um framvindu á hönnun og framkvæmd á Námsnefndarfundum	Skólaár 2018 - 2019	Skólastjóri	Vor 2019	Að eitthvað fari af stað

Starfspróun kennara

Eins og áður er kennurum skylt að fylla út eyðublaði varðandi starfspróun sína og skila inn til stjórnenda 1. júní ár hvert. Þeir kennarar sem eru með lengstan starfsaldur og eða komnir á vissan aldur þurfa að skila færri endurmenntunartímum en þeir sem eru með litla starfsreynslu og yngri, þannig að tímafjöldi getur verið misjafn eftir kennurum. Þetta er endurmenntun sem almennt er fyrir utan skipulagðan starfsramma skólaársins en einnig er heimilt að koma henni við á starfstíma skóla og er það gert í samráði við skólastjóra

Samantekt og ábendingar

Skráningarblað sem kennurum er gert að skila skólastjóra miðast við endur – og símenntun fyrir utan vinnuramma. Samkvæmt upplýsingum 1. júní 2018 skiluðu 25 kennarar kólans inn greinargerð um endurmenntun fyrir skólaárið 2017-2018. 20 kennarar (80%) uppfylltu viðmið um tímafjölda í símenntun utan vinnutímaramma. 3 af þeim 5 sem náðu ekki viðmiðum voru með tíma skráða í endurmenntun innan vinnutímaramma sem dugði til að uppfylla heildartímafjölda í endurmenntun og er hlutfallið sé tekið tillit til þess orðið 92%. Mjög misjafnt er



eftir námsgreinum hversu auðvelt er að sækja sér endurmenntun. Einna erfiðast er það fyrir íþróttakennara vegna lítils framboðs endurmenntunar á því sviði. Einnig skal hafa það í huga að skólastjóri getur í samráði við starfsmann samið um endurmenntunartíma innan vinnuramma.

Umbótaáætlun

Umbótaþáttur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat Hvenær/Hvernig	Viðmið um árangur
Starfsþróun	Að kennararverði meðvitaðri um sína starfsþróun	Fara yfir starfsþróun/símenntunaráætlun skólans á fundi með kennurum	Á kennarafundi í haust 2018	Skólastjóri	Vor 2019	Markvissari skráning

Teymisfundir

Teymisfundir voru alltaf kl. 14:00 – 15:00 á þriðjudögum síðasta skólaár. Á teymisfundum sitja kennarar og stuðningsfulltrúar í vissum teyrum. Umræðuefni sem eru tekin fyrir koma aðallega frá stjórnendum og fá teymin umræðuefnin með fréttabréfi sem er sent út á föstudegi. Teymin skrifa fundargerðir og skila þeim inn á sameiginlegt svæði þar sem að allar fundargerðir eru aðgengilegar fyrir starfsfólk. Teymin funda líka á öðrum tímum þar sem þau skipuleggja nám og kennslu.

Samantekt og ábendingar

Teymisvinnan gengur vel fyrir sig og mikil ánægja er með þá þróun sem hefur átt sér stað. En auðvitað er misjafnt hvernig samstarf gengur innan teyma og hvernig skilvirkni teyma skilar sér inn í skólastarfið. Skólastjórnendur hafa sett vangaveltur reglulega inn í teymin. Hvað mætti betur fara? Alltaf hægt að bæta vissa þætti innan teymis og verður sú þróun alltaf í gangi. Teymin fengu það verkefni að ígrunda hvaða álagsþættir það væru sem hefðu neikvæð áhrif á skólastarf og flest teymi nefndu aga – og hegðunarmál. Teymin fara einnig yfir það sem kom fram á haustfundum foreldra og koma ábendingum til stjórnenda ef eitthvað er sem þarf að bæta. Töluverð umræða, sérstaklega fyrir áramót, var um samvirkar kennsluaðferðir í kjölfar námskeiðs sem kennarar fóru á í ágúst. Skólareglur Dalvíkurskóla voru teknar til umræðu í teyrum og athugasemdir gerðar við þær og reiknað er með að vinna við skólareglur klárast í haust 2018. Töluverð umræða var um námsmat og áherslur í því. Þetta er ekki tæmandi upptalning og margt annað var tekið til umræðu til að bæta skólastarfið.



Umbótaáætlun

Umbótapáttur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat Hvenær/Hvernig	Viðmið um árangur
Teymisvinna	Sýnileiki stjórnenda	Að stjórnendur gangi á milli teyma á teymisfundum	Skólaár 2018 - 2019	Stjórnendur	Starfsmannakönnun skólaárið 2018 - 2019	Að kennarar finni fyrir miklum stuðningi
Skapa meiri tíma fyrir umræður um nemendur	Bæta nám, aga og hegðun nemenda	Hafa svigrúm í stundarskrá svo að allir í teymi nái saman. Nýta föstu teymisfundina til að leita lausna á ýmsum málum er varða nám, kennslu og hegðun nemenda sem falla undir viðkomandi teymi.	Skólaár 2018 - 2019	Skólastjórnendur	Starfsmannakönnun í vor 2019	Betri hegðun og samræmdar áherslur kennara
Fundagerðir teyma	Bæta fundagerðir teyma	Að búa til samræmt fundargerðarform það sem öll teymi nota.	Skólaár 2018 - 2019	Skólastjórnendur	Skoðun stjórnenda yfir skólaárið 2018 - 2019	Að fundagerðir verði gerðar alltaf.
Fundagerðir teyma	Skýra betur út hvar á að vista fundagerðir á innraneti skólans	Funda með hverju teymi.	Haut 2018	Skólastjórnendur	Skoðun stjórnenda yfir skólaárið 2018 - 2019	Að allar fundagerðir teyma verði á sama svæði.



Eftirfylgni með umbótaáætlun 2016 – 2017

Margir þættir komust til framkvæmda í umbótaáætlun skólaársins 2016 – 2017. Má þar nefna t.d. aðkomu foreldra að skólastarfi. Við fengum foreldri inn í innra mats teymi skólans sem var virkilega ánægjulegt. Foreldrafélag Dalvíkurskóla hefur eflst og öflugir einstaklingar eru þar núna og er það komið í góðan farveg. Skólastjóri fór inn á alla haustfundi hjá foreldrum með skilgreiningu á einelti eins og gert var ráð fyrir. Foreldrar voru upplýstir um ferli eineltismála á haustfundum. Það sem þarf að skoða er að virkja skólaráð betur en erfitt hefur verið að fá fólk á fundi á starfstíma skóla.

Reynt var að minnka álag vegna aga – og hegðunarmála. Stjórnendur reyndu að vera sýnilegri og styðjandi í skólaumhverfinu. Skólastjóri fór inn í alla árganga síðasta haust með skólareglur og fór yfir ásættanlega hegðun og óásættanlega hegðun. Iðjuþjálfari og þroskaþjálfari komu meira inn í einstök aga – og hegðunarmál og hefur það gefist vel. Starfsfólk Dalvíkurskóla fékk kynningu á starfsemi Fræðslusviðs Dalvíkurbyggðar sem var tímabært. Það eru vissir þættir sem snúa að líðan og metnaði nemenda sem við vildum halda inn í umbótaáætlun fyrir næsta skólaár.

Eitt að því sem ekki komst til framkvæmda og verður tekið nú í haust er að gera samráðsviðtöl með foreldrum markvissari og tekin verður umræða um það í haust með kennurum. Námsárangur nemenda á samræmdum prófum í 4. og 7. bekk var virkilega góður þetta skólaár en algjört klúður varð hjá MMS varðandi samræmd próf í 9. bekk. en stefnan var að byggja upp jákvætt viðhorf gagnvart þessum prófum en ég held að það hafi ekki tekist.

Nokkuð góð skil voru á kennsluáætlunum en það eru nokkrir þættir sem þarf að laga sem eru inni í umbótaáætlun fyrir skólaárið 2018 – 2019.

Mikill og góður árangur náðist í lesfimi eins og stefnt var að en sérstaklega þó í yngri bekkjum skólans. Skoða þarf að kennarar í unglingadeild fái meira svigrúm í stundarskrá til að sinna betur lestri hjá nemendum. Í áætlun var gert ráð fyrir að stytta útiveru hjá yngstu nemendum í hádegi og gekk það eftir sem var verulega til bóta. Eitt að því sem var í áætlun var að bæta aðbúnað nemenda og gekk sú áætlun algerlega upp og ný húsgögn komu á unglingagang, bortennisborð var sett upp í stofu 10 og fé fékkst fyrir hönnunarkostnaði á skólalóð fyrir fjárhagsárið 2018.

Þannig að meirihluti þess sem sett var inn í umbótaáætlun gekk eftir en nokkrir þættir sem komust ekki til framkvæmda eru inni í umbótaáætlunum fyrir skólaárið 2018 – 2019.



Lokaorð

Í Dalvíkurskóla er unnið metnaðarfullt starf og fram kemur að nemendum og starfsfólki líður vel í skólanum. Það er greinilega mikil starfsánægja með kennara skólans samkvæmt könnun. Í könnun þar sem að foreldrar svara þá er það þeirra upplifun að nemendum líði vel í skólanum en samt erum við að glíma við einelti samkvæmt könnunum. Bætt líðan nemenda, trú þeirra á eigin getu og tilfinning fyrir því að þeir geti haft áhrif á skólastarfið eru allt leiðir sem fara má til að ná því markmiði að bæta námsárangur. Kennarar þurfa að vera gagnrýnir á sín störf og vera alltaf tilbúnir að breyta og bæta til að ná betri árangri í skólastarfi. Í Dalvíkurskóla er jákvæður skólabragur sem nauðsynlegt er að hlúa að. Nú í vor fór starfsfólk Dalvíkurskóla í góða ferð til Skotlands til að kynna sér leiðsagnarmat sem er virkilega áhugavert. Í áætlun er gert ráð fyrir að við tökum skref til að kynna okkur þetta enn frekar og nýta okkur það í skólastarfi. Menntun nemenda er samstarfsverkefni þeirra sem hér starfa og er stefnt að því að hvers konar samvinna við foreldra verði vaxandi einkenni á skólastarfinu. Dalvíkurskóli náði góðum árangri í samræmdum prófum í 4. og 7. bekk en klúður varð hjá MMS varðandi samræmd próf hjá 9. bekk. Læsi er einn af grunnþáttum menntunar og mikilvægt að ná góðri samvinnu við heimilin um að hlúa að lestrarfærni barna. Skólinn setur sér það markmið að með virkri aðstoð foreldra nái allir nemendur góðri lestrarfærni sem fyrst á skólagöngunni. Mikilvægt er að halda áfram þróun á innra mati í skólanum og matsteymi skólans verði skipað öllum hagsmunaaðilum skólans. Velti fyrir mér hvort að hver skólastofnun verði með sínar spurningar í viðhorfskönnunum undir lok skólaársins en ekki svona sameiginlegar eins og hefur verið. Það sem ég vildi segja að lokum, þá eigum við að vera stolt af skólanum okkar en alltaf vera með þá hugsun að reyna að gera betur og bæta árangur. Þar sem er metnaðarfullt skólastarf er alltaf vilji til að gera betur.

Gísli Bjarnason
Skólastjóri Dalvíkurskóla